# EGGERT PÉTURSSON

LISTASAFN REYKJAVÍKUR / REYKJAVÍK ART MUSEUM
KJARVALSSTAÐIR
8. SEPTEMBER – 4. NÓVEMBER 2007

Málverk Eggerts Péturssonar (f. 1956) eiga sér uppruna í náttúrunni. Í verkunum eru minningar um dvöl á meðal jurta og blóma sem færðar eru á striga með olíulitum eftir leiðum sem krefjast nákvæmni og þekkingar á efniviðnum; olíunni og náttúrunni. Eggert fékk snemma áhuga á íslenskri flóru og var ungur vel að sér um náttúrufræði. Fyrir honum var náttúran staður til að sökkva sér í, rekinn áfram af löngun til að uppgötva eitthvað nýtt, greina og skilja til hlítar. Eggert þótti afburða góður teiknari og árið 1976 fékk hann inngöngu í Myndlista- og handíðaskóla Íslands. Að námi loknu árið 1979 hóf hann nám við Jan Van Eyck Akademie í Hollandi.

Fyrstu einkasýningu sína hélt Eggert í Suðurgötu 7 árið 1980. Þar sýndi hann plöntuþrykk á vatnslitapappír. Verkin voru pör pappírsarka sem sýndu för eftir plöntur sem Eggert hafði safnað á einu sumri og þurrkað á milli arkanna. Árið 1981 myndskreytti Eggert nýja útgáfu af Íslensku flórunni sem Ágúst H. Bjarnason grasafræðingur skrifaði. Við þetta viðamikla verk nýttust frábærir teiknihæfileikar Eggerts og þekking hans á grasafræði og íslenskri flóru. Árið 1989 sýndi Eggert fyrst málverk sem sóttu myndefnið í jurtaríkið og gáfu gaum hinu smáa og jafnframt hverfula í íslenskri náttúru. Myndhugsun verkanna vakti athygli en þau voru eintóna endurtekningar á hluta þeirrar breiðu sem klæðir landið. Verkin hafa hvorki upphaf né endi og eru í senn ótrúlega einföld og óendanlega flókin.

Þegar Eggert er spurður að því hvort hann ferðist mikið vill hann ekki kannast við það. Hann hefur þó skoðað vel ákveðin svæði og sækir mikið í nágrenni eigin sumarbústaðar á Suðurlandi. Þannig er nýjasti hluti sýningarinnar innsetning byggð á svæðinu fyrir ofan bústaðinn. Fjögur verk skapa eina heild sem birtir mynd Eggerts af svæðinu. Stórt málverk af langri sprungu sem sker landið eftir endilangri hlíð verður að þungamiðju innsetningarinnar. Meðfram sprungunni eru plöntur sem vissulega má finna við hina eiginlegu sprungu en uppröðun þeirra, birta og litur vísa til margra árstíða og ólíkra stunda dagsins. Á striganum er dvöl Eggerts við sprunguna og nágrenni hennar, uppsafnaðar minningar. Málverkin fjögur vísa til nokkurra staða á sama svæði þannig að áhorfandinn fær hugmynd um ferð Eggerts um landið, liti þess og birtu, en lærir ekki að þekkja landfræðileg kennileiti. Verkin eru yfirveguð útfærsla Eggerts á því sem augað nemur og hugurinn skynjar á göngu um kunnuglegar slóðir.

Ólöf K. Sigurðardóttir, sýningarstjóri

The paintings of Eggert Pétursson (b. 1956) originate in the nature of the land and the nature of the man who created them. The works enshrine memories of time spent among plants and flowers, which are committed to canvas in oils, using approaches that demand precision and knowledge of the materials: oils and nature. Eggert Pétursson took an early interest in Icelandic flora and at a young age he was well versed in the natural sciences. He knew the names of plants and their classification into genus and species. Pétursson's outstanding gift for drawing earned him a place at the graphic art department of the Icelandic College of Art and Crafts in 1976. On completing the college in 1979, he enrolled at the Jan Van Eyck Akademie in Maastricht, the Netherlands.

Pétursson held his first solo exhibition at Suðurgata 7 in 1980, featuring plant prints on watercolour paper. The works were pairs of paper sheets showing the marks left by plants that he had collected one summer and dried between them. In 1981, Pétursson combined brilliant drawing skills with a knowledge of botany and Icelandic flora in the illustrations of Icelandic Flora by botanist Ágúst H. Bjarnason. In 1989, Pétursson exhibited paintings on themes from the plant kingdom, focusing on the small and transitory in Icelandic nature. The underlying concept commanded much attention: monotone repetitions of part of the vegetation. These are virtually monotone works in which the picture plane has an almost flat effect and is covered with heather. The works have neither a beginning nor an end and are at once incredibly simple and infinitely complex.

Pétursson has examined certain areas of Iceland very closely and regularly visits a chalet that he owns in the south that is his base for walking and hiking. The most recent part of the current exhibition is an installation based on the area above the chalet. Four works create a whole to reveal Pétursson's perception of the area. A large painting, showing a fissure splitting the length of a whole slope, forms the focal point of the installation. Alongside the fissure are plants that can certainly be found by the real fissure, but their arrangement, light and colour invoke many seasons and times of day. The canvas documents the time Pétursson spent by the fissure and in its immediate vicinity, accumulated memories. The four paintings allude to places in the same region, giving the spectator an impression of the artist's voyages across the land, its colours and light, without imparting any knowledge of geographical landmarks. The works are Pétursson's thoughtful rendition of what the eye sees and the mind perceives while treading familiar paths.

Ólöf K. Sigurðardóttir, curator

FRÆÐSLA OG VIÐBURÐIR:

LAUGARDAG 29. SEPTEMBER KL. 13:00
*LISTAMANNSSPJALL Í FUNDARSAL KJARVALSSTAÐA*
EGGERT PÉTURSSON RÆÐIR VERK SÍN OG FERIL VIÐ LISTAMANNINN INGÓLF ARNARSSON OG SÝNINGARSTJÓRANN ÓLÖFU K. SIGURÐARDÓTTUR.

SUNNUDAG 7. OKTÓBER KL. 14:00
*FJÖLSKYLDULEIÐSÖGN*

SUNNUDAG 28. OKTÓBER KL. 15:00
*LISTAMANNSSPJALL*
EGGERT PÉTURSSON TEKUR ÞÁTT Í LEIÐSÖGN UM SÝNINGUNA.

LEIÐSÖGN ALLA SUNNUDAGA KL. 15:00 OG ALLA FÖSTUDAGA KL. 15:00 [Á ENSKU]
GALLERY TALK IS AVAILABLE EVERY FRIDAY AT 3 PM [IN ENGLISH] AND EVERY SUNDAY AT 3 PM [IN ICELANDIC].

HÆGT ER AÐ PANTA LEIÐSÖGN FYRIR HÓPA
TIL AÐ FÁ FREKARI UPPLÝSINGAR UM VIÐBURÐI Á LISTASAFNI REYKJAVÍKUR
HAFIÐ SAMBAND VIÐ AFGREIÐSLUR HÚSANNA EÐA Í SÍMA: 590 1200

GUIDED TOURS AVAILABLE UPON REQUEST
FOR FURTHER INFORMATION ABOUT EVENTS AT THE REYKJAVIK ART MUSEUM
PLEASE CONTACT THE MUSEUMS RECEPTIONS OR CALL: [+354] 590 1200

OPIÐ DAGLEGA 10-17 / OPEN DAILY 10 AM – 5 PM
ÓKEYPIS AÐGANGUR Á FIMMTUDÖGUM / FREE ADMISSION ON THURSDAYS.
AÐGÖNGUMIÐINN GILDIR Í ÞRJÁ DAGA FYRIR HAFNARHÚS, KJARVALSSTAÐI OG ÁSMUNDARSAFN / ADMISSION TICKET IS VALID FOR THREE DAYS TO HAFNARHUS, KJARVALSSTADIR AND ASMUNDARSAFN

LISTASAFN REYKJAVÍKUR / REYKJAVIK ART MUSEUM
KJARVALSSTAÐIR
FLÓKAGATA 24, 105 REYKJAVÍK
TEL: +354 517 1290
FAX: +354 590 1201
LISTASAFN@REYKJAVIK.IS
WWW.LISTASAFNREYKJAVIKUR.IS

Landsbankinn

VÍFILFELL

Morgunblaðið